

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969 og nr. 79 29. apríl 1974, breytist þannig:

a. Við 4. mgr. bætist:

g) Reykjanesbraut

h) Breiðholtsbraut

i) Elliðavogur frá Reykjanesbraut að Holtavegi

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á eftirtöldum akbrautum, sem eingöngu eru ætlaðar fyrir akstur strætisvagna, skal hámarksókuhraði vera 15 km miðað við klst.:

a) Akbraut frá Suðurhólum inn í Hóláhverfi.

b) Akbraut, sem tengir saman suður- og norðurenda Arnarbakka, samhliða og austan við Núpabakka.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Álftá í Mýrasýslu.

Arnarstapi	147 einingar
Álftárakki	97 —
Álftárós	214 —
Þverholt	26 —
Ánastaðir	121 —
Hamraendar	22 —
Hrafnkelsstaðir	244 —
Hundastapi	129 —

Samtals 1000 einingar

Arðskrá þessi tók gildi í júní 1973.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. október 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Miklavatns og Fljótaár í Holtshreppi.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Miklavatns og Fljótaár.

Heimili þess og varnarþing er Holtshreppur í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að því vatnasvæði, sem félagið er stofnað um: Miklavatn, Hraunós, Fljótaá, að uppistöðustíflu við Skeiðsfoss, Brúnastaðaá, Reykjaá, svo og allar ár hér ótaldar og lækir, sem í vötn og ár þessar renna.

Jarðir þessar eru: Hraun I og II, Lambanes-Reykir, Lambanes, Illugastaðir, Brúnastaðir, Nýrækt, Minna-Holt, Stóra-Holt, Helgustaðir, Saurbær, Bjarnagil, Mola-staðir, Reykjarhóll, Hólavellir, Hólakot, Hólar, Gil, Bakki, Skeið, Stóra-Þverá, Berg-